

# **Bs ritgerð í viðskiptafræði**

## **Áframhaldandi rekstrarhæfi**

**Kristín Anna Hreinsdóttir**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands  
Leiðbeinandi: Bjarni Frímann Karlsson, lektor  
Maí 2010**



## **Abstract**

Í þessari ritgerð er fjallað um áframhaldandi rekstrarhæfi félaga. Tilgangur ritgerðarinnar er að skoða hvernig mat á áframhaldandi rekstrarhæfi fer fram og hvar fjallað er um efnið í lögum og stöðlum. Áframhaldandi rekstrarhæfi er skoðað bæði út frá stjórnendum félags og endurskoðanda þess. Reynt er að varpa ljósi á áhrif efnahagshrunsins haustið 2008 við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi.

Lykilorð: Áframhaldandi rekstrarhæfi, stjórnendur, endurskoðendur.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1 Grundvöllur reikningsskila .....	6
1.1 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar .....	6
1.2 Reikningsskilastaðlar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki .....	7
1.3 Ársreikningalög.....	7
1.4 Reglur Reikningsskilaráðs .....	7
1.5 Samantekt.....	7
2 Áframhaldandi rekstrarhæfi.....	9
2.1 Hvað er verið að meta? .....	9
2.1.1 Skammtímafyrirvarar .....	9
2.1.2 Langtímafyrirvarar .....	12
2.2 Hvað eiga stjórnendur að gera?.....	13
2.3 Samantekt.....	14
3 Endurskoðendur og áframhaldandi rekstrarhæfi.....	16
3.1 ISA 570 - Áframhaldandi rekstrarhæfi.....	16
3.2 Endurskoðun í erfiðu árferði .....	19
3.3 Gagnrýni á mat endurskoðenda.....	20
4 Staðan á Íslandi eftir hrunið haustið 2008 .....	22
5 Niðurstöður .....	24
6 Aðferðafræði .....	27
7 Heimildaskrá .....	28

## Inngangur

Áframhaldandi rekstrarhæfi er ein grunnforsenda reikningsskila en þó mikilvægi hennar sé mikið eru skýringar með henni mjög óljósar. Hér er reynt að varpa ljósi á hvar finna megi upplýsingar um forsenduna í lögum og út frá þeim hvernig mat á áframhaldandi rekstrarhæfi er framkvæmt. Reynt er að leita svara við tveimur spurningum. Sú fyrri er hvaða þýðingu það hefur að gefa út að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi og hvert framhaldið sé hjá þeim félögum þar sem óvissa ríkir? Seinni spurningin er hvort endurskoðendur taki alltaf tillit til forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi í starfi sínu?

Í fyrsta hlutanum er farið yfir þau lög og staðla sem gilda um reikningsskil hér á landi. Skoðað er hvar fjallað er um áframhaldandi rekstrarhæfi í þeim og hvort samræmi sé milli íslenskra laga og þeirra alþjóðlegu staðla sem gilda hér.

Í öðrum hluta er skoðaður óútgefinn staðall frá FASB sem útskýrir stöðu stjórnenda þegar kemur að mati á áframhaldandi rekstrarhæfi. Farið er yfir hvaða þættir geti legið til grundvallar ákvörðun um að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi og til hvaða aðgerða stjórnandi á að grípa til að reyna að milda áhrif óvissunnar.

Í þriðja hlutanum er farið yfir hvernig endurskoðendur koma að mati um áframhaldandi rekstrarhæfi. Farið er yfir þau lög sem gilda um starf þeirra hér á landi og skoðaður endurskoðunarstaðall ISA 570 sem fjallar um áframhaldandi rekstrarhæfi. Gagnrýni á starf endurskoðenda hefur verið mikil á síðustu árum og verður hún skoðuð í samhengi við áframhaldandi rekstrarhæfi. Einnig er skoðuð ábending frá IAASB vegna endurskoðunar í núverandi efnahagsástandi.

Í fjórða hlutanum eru að lokum skoðuð þau áhrif sem hrunið á haustdögum 2008 hafði á íslenskt efnahagslíf út frá forsendunni um áframhaldandi rekstrarhæfi. Skoðaðir eru ársreikningar félaga sem fengu ábendingu frá endurskoðanda á árinu 2008 og eru búin að gefa út ársreikning fyrir árið 2009.

# 1 Grundvöllur reikningsskila

Áframhaldandi rekstrarhæfi er ein af grundvallarforsendum reikningsskila en þó hún hafi veigamikla þýðingu er henni ekki mikill gaumur gefinn í þeim lögum og stöðlum sem snúa að ársreikningagerð. Grundvallarreglur ársreikninga eru einskonar hugtakarammi sem félög verða að uppfylla áður en reikningsskilin sjálf og ársreikningurinn eru samin (Kieso, Weygandt og Warfield, 2007). Þessar grundvallarreglur er að finna í öllum stöðlum og lögum sem fjalla um ársreikninga og verður fjallað um þá, sem gilda á Íslandi, hér á eftir.

## 1.1 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar urðu að lögum á Íslandi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. júlí 2002, en þar er kveðið á um upptöku staðlanna á árinu 2005. Í fyrsta staðlinum, þ.e. Alþjóðlegum reikningsskilastaðli númer eitt (IAS 1), er fjallað um grunnforsendur reikningsskila undir kafla um almenn atriði (*e. General features*). Í 25. til 26. lið IAS 1 er fjallað um áframhaldandi rekstrarhæfi félaga. Þar kemur fram að stjórnendur skuli meta hvort áframhaldandi rekstrarhæfi sé til staðar og hvort að fyrir liggja ákvörðun um að leggja félagið niður eða því sé sú hættu búin vegna fjárhagslegra erfiðleika. Séu óvissuþættir sem gætu leitt til þess að áframhaldandi rekstrarhæfi sé ótryggt skal það tekið fram í skýringum félagsins og skulu allar upplýsingar er málið varða vera til hliðsjónar þeirri ákvörðun. Sjái stjórnendur ekki fram á að félagið verði í rekstri í að minnsta kosti næstu 12 mánuði verða þeir að semja ársreikninginn á öðrum forsendum og tilgreina af hverju talið er að félagið muni ekki hafa áframhaldandi rekstrarhæfi (IAS 1). Í IAS 10 er fjallað um atburði eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Þar kemur fram í 14. og 15. lið að félag skal ekki semja reikningsskil sín á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis ef ákveðið hefur verið að hætta starfsemi eða leysa félagið upp eftir dagsetningu reikningsskilanna. Ef afkoma félagsins hefur versnað til muna eftir dagsetningu reikningsskila skal athuga hvort að forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi eigi enn við en ef svo er ekki skal gera reikningsskilin á öðrum grundvelli (IAS 10).

## **1.2 Reikningsskilastaðlar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki**

Á síðasta ári komu út nýir reikningsskilastaðlar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (IFRS for SMEs). Þeim er ætlað að auðvelda minni fyrirtækjum að nota Alþjóðlega reikningsskilastaðla og auka þar með samanburðarhæfni. Í þessum nýju stöðlum er fjallað um áframhaldandi rekstrarhæfi í liðum 3,8 og 3,9 og er það mjög áþekkt því sem fram kemur í IAS 1. Þó er það sett fram á skýrari og afdráttarlausari hátt (IFRS for SMEs).

## **1.3 Ársreikningalög**

Í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 er fjallað um grunnforsendur ársreikninga í öðrum kafla. Þar kemur fram í 1. mgr 11. greinar að ráð skuli gert fyrir því að félag muni halda rekstri áfram, en sé rekstrarhæfi ekki fyrir hendi skuli taka tillit til þess við gerð ársreikningsins. Í lögnum fær þessi grunnforsenda ekki mikla umfjöllun en til stuðnings þessum lögum eru reglur Reikningsskilaráðs.

## **1.4 Reglur Reikningsskilaráðs**

Reikningsskilaráð starfar samkvæmt 118. og 119. grein laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Það tók fyrst til starfa árið 1992 samkvæmt þáverandi lögum um bókhald. Ástæða þess að stofnað var sérstakt Reikningsskilaráð var sú að visst svigrúm hafði myndast hvað varðar túlkun á bókhaldi og ársreikningum félaga og nauðsyn þótti til að setja samræmdar og skýrari reglur til að auðvelda notendum að lesa ársreikninga (Reikningsskilaráð, 1994 a).

Í reglum Reikningsskilaráðs er fjallað mun ítarlegar um forsendur reikningsskila heldur en gert er í ársreikningalögnum sjálfum. Um áframhaldandi rekstrarhæfi segir að félag verði að sjá fram á áframhaldandi rekstur í að minnsta kosti ár til að geta talist rekstrarhæft. Hvorki má liggja fyrir ákvörðun um að hætta rekstri þess né að vegna fjárhagsörðugleika sé þeim ekki stætt á að halda rekstrinum áfram. Ef ekki er séð fram á áframhaldandi rekstrarhæfi verður félagið að gera reikningsskil sín á öðrum forsendum og upplýsa um það (Reikningsskilaráð, 1994 b).

## **1.5 Samantekt**

Á heildina litið þá eru þessar reglur sem gilda um áframhaldandi rekstrarhæfi mjög áþekkar. Íslensku ársreikningalögin geta þó varla talist skýr og nauðsynlegt er að

hafa reglur Reikningskilaráðs til hliðsjónar þeim. Því verður litið á ársreikningalögin og reglur Reikningskilaráðs sem eina heild hér í samantektinni.

Allar reglurnar taka það fram í hvaða stöðu félög verða að vera þegar ekki er séð fram á áframhaldandi rekstrarhæfi. Ekki er þó sagt hvernig meta eigi þá stöðu eða hvaða þættir skuli liggja til grundvallar þeirri ákvörðun. Einnig er sagt að ef ekki er séð fram á áframhaldandi rekstrarhæfi verði að semja reikningsskilin á öðrum grundvelli. Hvergi er þó talað um á hvaða grundvelli það skuli gert eða hvert markmiðið er með gerð slíkra reikningsskila. Í Alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, venjulegu og fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, er fjallað um að ef óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi verði að upplýsa um það í ársreikningi. Ekki er minnst á neitt slíkt í íslensku ársreikningalögunum eða reglum Reikningskilaráðs. Þessar upplýsingar geta verið mjög mikilvægar fyrir lesendur ársreikningsins þar sem slíkir óvissuþættir gætu ráðið úrslitum um hvort fjárfestir velji að fjárfesta í félagi eða lánastofnun að veita því lán. Einungis er áframhaldandi rekstrarhæfi nefnt í sambandi við atburði eftir dagsetningu reikningsskila í Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.



## 2 Áframhaldandi rekstrarhæfi

Í þeim lögum og stöðlum sem gilda hér á landi er hvergi að finna upplýsingar um hvað liggja til grundvallar mati á áframhaldandi rekstrarhæfi eða með hvaða hætti félög geti reynt að vinna sig úr þeim erfiðleikum sem valda óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi.

Í óútgefnum staðli um áframhaldandi rekstrarhæfi frá bandaríska reikningsskilaráðinu er fjallað um hvernig stjórnandi á að taka á málum er varða áframhaldandi rekstrarhæfi (FASB, 2008). Þar kemur fram hvernig hann á að meta áframhaldandi rekstrarhæfi, hvað liggja til grundvallar því mati og hvernig stjórnandi eigi að vinna úr vandamálum vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Í þessum kafla verður að mestu leyti stuðst við þennan staðal til að útskýra það verkferli sem býr að baki því að meta hvort óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi. Fyrst verður fjallað um þá helstu þætti sem liggja til grundvallar mati á áframhaldandi rekstrarhæfi og þar á eftir verður fjallað um aðgerðir stjórnenda til að bregðast við niðurstöðum úr slíku mati.

### 2.1 Hvað er verið að meta?

Þegar þeir þættir sem leitt geta til óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi eru metnir er greint á milli þeirra þátta sem geta haft áhrif til skamms tíma, það er að segja á innan við einu ári, og þeirra sem hafa áhrif til langs tíma, það er á lengra tímabili en einu ári (Háskólinn á Akureyri, e.d). Í staðli FASB er stuðst við aðra skiptingu en þessi þótti skýrari. Nauðsynlegt er að skoða þessa þætti í samhengi því þó að einn óvissuþáttur sé til staðar þá er alls óvíst að hann einn geti haft úrslitaáhrif á heildarútkomu félagsins.

#### 2.1.1 Skammtímafyrirvarar

##### Veltufjórhlutfall

$$\text{Veltufjórhlutfall} = \frac{\text{Veltufjármunir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$$

Veltufjármunir eru þeir fjármunir í félagi sem ætlað er að afli félaginu tekna á árinu. Meðal þeirra eru: handbært fé, viðskiptakröfur, birgðir, skammtímakröfur og fyrirframgreiðslur. Skammtímaskuldir eru þær skuldir sem ætlað er að greiða innan

ársins og tengjast rekstrinum beint, en þær eru: skammtímaskuldir, afborganir ársins af langtímaskuldum og viðskiptaskuldir.

Veltufjárhlutfallið útskýrir hversu félag er líklegt til að geta staðið við skuldbindingar sínar innan ársins. Sé hlutfallið hærra en einn þá á félagið fyrir skammtímaskuldum sínum en sé það lægra en einn þá getur félagið átt í erfiðleikum með að standa í skilum. Þá gæti þurft að ganga á eignir félagsins, það er fastafjármuni og/eða eigið fé (Bjarni Frímann Karlsson, e.d.).

Því hærra sem þetta hlutfall er yfir einum því betra. Það gerir félaginu kleift að safna forða til að mæta aukinni fjármagnsþörf komi eitthvað óvænt uppá í rekstrinum (Wild, Subramanyam og Halsey, 2007).

### **Lausafjárhlutfall**

$$\text{Lausafjárhlutfall} = \frac{\text{Kvikir veltufjármunir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$$

Lausafjárhlutfallið er mjög áþekkt veltufjárhlutfallinu nema þar eru birgðir dregnar frá veltufjármunum og fengnir út svokallaðir kvikir veltufjármuni (Bjarni Frímann Karlsson, e.d.).

$$\text{Kvikir veltufjármunir} = \text{Veltufjármunir} - \text{Birgðir}$$

Birgðir eru dregnar frá þar sem það tekur yfirleitt langan tíma að selja þær, en í hlutfallinu eru einungis þeir veltufjármunir sem hægt er að koma tafarlaust í verð. Lausafjárhlutfallinu er, eins og veltufjárhlutfallinu, ætlað að gefa til kynna hversu vel félag er í stakk búið að mæta skammtímaskuldbindingum sínum.

### **Vanskil og erfiðleikar á greiðslum lána**

Hafi félag átt í erfiðleikum með að standa í skilum á síðastliðnu reikningsári bendir það til erfiðleika í rekstri félagsins. Þó veltufjárhlutfall og lausafjárhlutfall við síðasta ársuppgjör hafi ekki gefið til kynna að félagið muni eiga í greiðsluferfiðleikum þá getur umhverfið á markaði breyst og haft þau áhrif að staða félagsins breytist skyndilega. Sem dæmi um slíka breytingu eru fyrirvarar sem gerðir hafa verið í lánasamningum. Þar er oft tilgreint að standi félag ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þá megi gjaldfella lánið í heild sinni. Komi þessi staða upp og lán gjaldfellt verður erfiðara fyrir félag að standa við aðrar skuldbindingar sínar og staða þess því gjörbreytt.

## **Neitun um gjaldfrest hjá birgjum**

Hafi komið upp vanskil eða vanefndir við birgja geta þeir farið fram á að viðskipti muni einungis fara fram gegn staðgreiðslu. Þetta getur reynst félögum erfitt þar sem greiðslufrestur hefur gefið þeim kost á að vera búin að koma hluta af birgðunum í verð þegar að greiðslu hefur komið. Þetta getur komið sér illa þar sem ekki verður unnt að mæta eftirspurn og þjónustugæðum á sama hátt og áður. Eins og aðstæður hafa verið hér á landi eftir hrunið haustið 2008 hefur neikvæð umfjöllun einnig sett félög sem hafa staðið í skilum í þá aðstöðu að verða að staðgreiða fyrir vörur.

## **Lögfræðiinnheimtur**

Áður en skuldir félags fara í lögfræðiinnheimtu þurfa þær að hafa verið komnar í vanskil. Innheimtubréf og áskorun um greiðslu eru send féluginu, en ef því er ekki sinnt þá getur kröfuhafi óskað eftir aðför hjá sýslumanni (Sigríður Logadóttir, 2003, bls. 169-170). Í framhaldi af aðför getur svo komið að fjárnámi, nauðungarsölu eða gjaldþrotaskiptum. Það er gríðarlega erfitt fyrir félag að ganga í gengum lögfræðiinnheimtu, því þó að félag nái sér á strik að nýju þá er það komið á skrá hjá vanskilaskrá en hún er notuð til grundvallar útlánabeiðnum (Sigríður Logadóttir, 2003, bls. 171).

## **Samantekt**

Þetta eru þeir fyrirboðar sem á skömmum tíma geta leitt til rekstrarerfiðleika og óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félags. Allir þessir fyrirboðar eiga það sameiginlegt að benda til þess að slæm lausafjárstaða sé að valda erfiðleikum í rekstri. Veltufjárhlutfallið og lausafjárhlutfallið gefa góða innsýn í hvernig greiðslugeta félags muni verða á komandi rekstrarári. Mikilvægt er að skoða þau í samanburði við niðurstöður fyrri ára og annarra sambærilegra félaga á markaði, því hlutföllin geta verið mismunandi eftir atvinnugreinum. Það er einnig varasamt ef veltufjárhlutfall er of hátt því það gæti bent til erfiðleika í birgðastjórnun (Íslandsbanki, 2003). Vanskil geta haft gríðarleg áhrif á rekstrarhæfi félags. Hafi vanskil orðið við birgja vilja þeir oft breyta yfir í staðgreiðsluviðskipti en það getur verið erfitt þegar lausafjárstaðan er þegar orðin slæm. Þetta getur valdið því að gæði þjónustu minnka og erfiðara verður að halda viðskiptum við mikilvæga viðskiptavini. Svo getur það einnig leitt til þess að missa góðan birgja. Þegar vanskil hafa leitt til lögfræðiinnheimtu eru erfiðleikar oft orðnir það miklir að erfitt

er að koma félaginu aftur á rétta braut. Þegar einn þessara fyrirboða hefur gert vart við sig er oft stutt í það að fleiri bætist við og ef ekki er brugðist rétt við getur það haft afdrifaríkar afleiðingar.

### 2.1.2 Langtímafyrirvarar

#### Tap á rekstri

Viðvarandi tap af rekstri félags leiðir til þess að eigið fé þess minnkar og rekstrargrundvöllur þess verður óstöðugri. Þekkt er að ný félög skili yfirleitt tapi á fyrstu árum starfsemi sinnar og inn á milli geta komið erfið ár hjá félögum sem annars eru með stöðugan rekstur. Skili félag tapi er nauðsynlegt að skoða af hverju tapið stafar. Er heildarreksturinn að standa sig illa, einhver ákveðinn þáttur í rekstrinum eða er tapið vegna utanaðkomandi áhrifa? Sé um endurtekið tap á rekstri að ræða og breytingar sem stjórnendur gera til að koma rekstrinum í betra horf skila ekki árangri getur það leitt til óvissu um rekstrarhæfi.

#### Eiginfjárlutfall

$$\text{Eiginfjárlutfall} = \frac{\text{Eigið fé}}{\text{Eigið fé} + \text{Skuldir}}$$

Eigið fé félags samanstendur m.a. af hlutafé, óráðstöfuðu eigin fé, endurmatsreikningi og lögbundnum varasjóð. Skuldir félags eru: skammtímaskuldir, langtímaskuldir og tekjuskattsskuldbinding.

Fjárhagslegan styrk félags má meta út frá eiginfjárlutfalli þess, en því hærra sem hlutfallið er því styrkari fótum stendur félagið (Íslandsbanki, 2003). Fyrir fjármálastofnanir gilda ákveðin lágmarksskilyrði um hlutfall eigin fjár sem þau verða að uppfylla til að halda starfsleyfi sínu, svokallað CAD-hlutfall.

#### Uppruni fjármagns

Sjóðstreymi er ætlað að skýra þá breytingu sem verður á handbæru fé milli ára. Þar sést einna best uppruni fjármagns og hvert fjármagnið fer (Wild o.fl., 2007). Sjóðstreyminu er skipt í þrjá hluta: rekstrarhreyfingar, sem sýnir framlag rekstrar, fjárfestingarhreyfingar, þar sem fram koma innborganir og útborganir vegna kaupa og sölu á eignum og loks fjármögnunarhreyfingar, þar sem koma fram helstu innborganir og útborganir vegna fjármögnunar. Handbært fé frá rekstri eða framlag rekstrar til handbærs fjár er mjög áhugaverð stærð en hún segir mikið um getu

félags til að standa í skilum og hvort það muni vera fært um að greiða arð til hluthafa (Reikningsskilaráð, 1998).

### **Aðrir langtímafyrirvarar**

Langtímafyrirvararnir eru mun fleiri en hér hefur verið talið upp og útskýrt. Meðal þeirra eru: sala á mikilvægum eignum, arður ekki greiddur, skuldbreyting á lánum, nýjar fjárfestingarleiðir, óhagkvæmir samningar, ný löggjöf, missir af mikilvægum viðskiptavinum eða mikilvægum birgja og að lokum að missa sérleyfi eða leyfi fyrir vörumerki.

### **Samantekt**

Þetta eru þeir helstu fyrirboðar sem gefa til kynna erfiðleika í rekstri sem leitt geta til óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi til lengri tíma litið. Tap á rekstri félags í eitt ár felur ekki endilega í sér óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi en verði endurtekið tap á rekstri er ástæða til að líta á það sem óvissupátt. Hafi eiginfjárhlutfall félags lækkað milli ára gefur það til kynna aukna skuldastöðu félagsins. Það getur einnig bent til þess að verið sé að ganga á fjármagnsforða sem safnast hefur upp á liðnum árum. Við greiningu ársreikninga er mjög áhugavert að skoða sjóðstreymið. Það sýnir skýrt í hvað handbært fé félagsins fer og hvaðan það kemur. Það ætti að valda stjórnendum áhyggjum ef félag skilar neikvæðu handbæru fé frá rekstri, því það veikir rekstrargrundvöll félagsins.

## **2.2 Hvað eiga stjórnendur að gera?**

Þegar stjórnendur hafa farið yfir þessa þætti og skoðað þá í samhengi metur þeir hvort óvissa er um áframhaldandi rekstrarhæfi. Ef óvissa er til staðar eiga stjórnendur að vinna að áætlun um hvernig þeir ætli að bregðast við. Í óbirtum staðli FASB eru settar fram nokkrar hugmyndir um hvað gæti falist í slíkri áætlun.

Fyrst er fjallað um hugsanlega sölu á eignum. Ef til þess kemur að selja þurfi eignir þarf að taka tillit til þeirra eigna sem ekki er hægt að selja vegna annarra samninga. Huga þarf að seljanleika eigna og hver bein og óbein áhrif frá sölunni verða. Næst er fjallað um endurfjármögnun á skuldum og frekari lántökum. Þar er nauðsynlegt að skoða hvort möguleiki er á frekari lántökum, hvort núverandi lánalínur eru ennþá opnar og hvort aðrar eldri áætlanir geri ráð fyrir endurfjármögnun, endurskipulagningu skulda eða tryggi lán til félags. Stjórnendur

verða að setja fram þau hugsanlegu áhrif sem frekari lántökur og endurfjármögnun hafa í för með sér fyrir félagið. Þriðji liðurinn fjallar um lækkingu eða frestun á útgjöldum, en mögulegur niðurskurður getur verið í óbeinum kostnaði, stjórnunarkostnaði, frestun á viðhaldskostnaði eða nýjum rannsóknar- og þróunarkostnaði, eða að nýta sér kosti rekstrarleigu í stað þess að kaupa eignir. Hér eins og áður verður að fara fram mat á því hvaða áhrif slíkar aðgerðir myndu hafa fyrir heildarreksturinn. Í fjórða liðnum eru settar fram hugmyndir um hlutafjárútkningu. Þar þarf að skoða hagkvæmni af því að auka hlutafé og skoða möguleika á að lækka núverandi arðgreiðslur (FASB, 2008). Áætlanir sem þessar hafa verið algengar hér á landi á undanförunum tveimur árum. Stjórnendur verða að meta hvar mögulegt er að skera niður í rekstrinum og hvaða afleiðingar niðurskurður hefur fyrir áframhaldandi rekstur.

Þegar kemur að útgáfu ársreiknings, eða annarra reikningsskila, er nauðsynlegt að greina frá því ef óvissa ríkir um áframhaldandi rekstrarhæfi og útskýra ástæður hennar á þann hátt að lesendur ársreiknings geti lagt mat á áhrif hennar. Taka skal fram hverjar eru mögulegar afleiðingar óvissunnar, setja fram áætlun stjórnenda um breytingar og hvort þær minnki á einhvern hátt óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Séu reikningsskilin ekki gerð á grundvelli forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi skal það tekið fram, ásamt því á hvaða grundvelli reikningsskilin eru gerð og ástæðuna fyrir því að félagið sjái ekki fram á áframhaldandi rekstrarhæfi.

## 2.3 Samantekt

Þessi óbirta staðall FASB kemur inn á marga þætti sem ekki koma fram í þeim stöðlum og lögum sem gilda hér á landi og fjallað var um í fyrsta kafla. Í þeim er hvorki minnst á hvaða stærðir eða hvaða þættir eigi að liggja til grundvallar mati á áframhaldandi rekstrarhæfi né hvernig skuli tekið á því vandamáli. Þetta er þó ekki endanleg upptalning á þeim þáttum sem haft geta áhrif á mat um áframhaldandi rekstrarhæfi. Í staðlinum er undirstrikuð ábyrgð stjórnenda þegar kemur að því að meta áframhaldandi rekstrarhæfi. Stjórnendur eru undir miklu álagi frá eigendum um að félag skili sem bestum árangri. Hugtakið umboðsvandi er notað til að lýsa erfiðleikum sem geta orðið í sambandi stjórnenda og eigenda, en þá fer stjórnandi út fyrir þau markmið sem best gæta hagsmuna eigenda (Bodie, Kane og Marcus, 2005). Hér verður svo á að líta að hagar þeirra verði best varinn með því að segja

frá hvernig ástand félagsins er, því rannsóknir hafa sýnt að það er betra fyrir félag að verða gjaldþrota eftir að hafa fengið fyrirvara í ársreikningi heldur en fyrirvaralaus áritun (Chen og Church, 1995). Það eina sem ekki er nýtt í þessum staðli er að skýringar um óvissuna skulu koma fram á ársreikningnum og að ef ekki er séð fram á áframhaldandi rekstrarhæfi skal ársreikningurinn vera saminn á öðrum grundvelli.

### 3 Endurskoðendur og áframhaldandi rekstrarhæfi

Samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur er endurskoðandi „Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun...“ (Lög nr. 79/2008). Íslensk lög um endurskoðendur fjalla almennt um málefni er varða endurskoðendur. Þar kemur fram að áður en löggilding fer fram skulu verðandi endurskoðendur vinna drengskaparheit um gæði þess starfs sem þeir munu inna af hendi. Í lögnum er einnig fjallað um óhæði endurskoðenda en með því er átt við að þeir skuli vera óháðir viðskiptavinum sínum og ekki hafa nein tengsl. Þar er einnig kveðið á um að hér séu notaðir ISA endurskoðunarstaðlar sem innleiddir hafa verið í íslenskum rétti samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 (Lög nr. 79/2008).

*International standards on auditing* eða ISA staðlar eru gefnir út af Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC), en því er ætlað að þróa staðla sem notaðir eru á alþjóðavettvangi og eiga að styrkja starf endurskoðenda. Eftir að út komu reikningskilastaðlar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki hefur verið í undirbúningi staðall frá IFAC um endurskoðun lítilla og meðalstórra fyrirtækja, *Small- and Medium sized Practices* (IFAC, 2010).

Ætlunin í þessum hluta er að skoða endurskoðunarstaðalinn sem fjallar um áframhaldandi rekstrarhæfi, ISA 570, og kynnast því til hvers er ætlast af endurskoðendum við mat á því. Reynt verður að leita svara við því hvernig endurskoðendur meta áframhaldandi rekstrarhæfi og hvort þeir séu of íhaldssamir við að gefa það út að óvissa ríki en sú gagnrýni hefur átt sér stað í þeirra garð að undanfögnu. Í því samhengi verður skoðuð rannsókn gerð af *Weiss Ratings Inc.*

#### 3.1 ISA 570 - Áframhaldandi rekstrarhæfi

Í þessum endurskoðunarstaðli er fjallað um ábyrgð endurskoðenda þegar kemur að því að taka afstöðu til notkunar stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi rekstrarhæfi við undirbúning reikningsskila. Staðallinn tekur það skýrt fram að það er á ábyrgð stjórnenda að gera slíkt mat, en það verði þó aldrei annað en spá um framtíðarhorfur félags og því lengra sem spáð er fram í tímann því meiri óvissa. Verk endurskoðenda er að fara yfir allar viðeigandi upplýsingar og taka afstöðu til þess hvort stjórnendur fari með rétt mál. Eins og hjá stjórnendum sjálfum er mikil



óvissa sem fylgir því að spá um hluti fram í tímann og því er ekki rétt að líta á það sem neina tryggingu að endurskoðendur telji að félag sé rekstrarhæft (ISA 570). Staðallinn setur fram kröfur á það starf sem endurskoðendur inna af hendi þegar þeir kanna áframhaldandi rekstrarhæfi félags. Hann nefnir einnig í sumum tilvikum hvernig endurskoðendur skuli meðhöndla málefni smærri félaga.

Þegar endurskoðendur gera áhættumat eiga þeir að kanna hvort það séu aðstæður eða atburðir sem skapa verulega óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi og hvort stjórnendur hafi tekið tillit til þeirra í mati sínu. Í skýringum með þessari kröfu er yfirlit yfir hvað slíkt mat gæti innifalið, en það er því sem næst samhljóma því sem kynnt var í kafla 2.1. Könnun á þessum þáttum auðveldar endurskoðendum að ákvarða hvort mat stjórnenda sé rétt og í framhaldi af því geta þeir yfirfarið áætlanir stjórnenda um endurbætur. Hvað varðar minni félög leggur staðallinn áherslu á að stærð félags getur haft áhrif á hvort það geti staðið af sér neikvæðar aðstæður en smæð félags getur haft bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar. Sú krafa er gerð til endurskoðenda að allt fram að samþykki ársreiknings eiga þeir að vera varir um sig vegna atburða sem valdið gætu óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi (ISA 570). Endurskoðendur eiga að yfirfara mat stjórnenda um áframhaldandi rekstrarhæfi og leggja til grundvallar sama tímabil og þeir nema ef tímabil stjórnenda samræmist ekki lögum, hér eitt ár, þá eiga endurskoðendur að fara fram á úrbætur þess efnis. Það er ekki hlutverk endurskoðenda að bæta fyrir skort á greiningu stjórnenda. Þegar smærri félög eiga í hlut getur verið nóg að endurskoðendur fái munnlega útskýringu á mati stjórnenda um áframhaldandi rekstrarhæfi. Í smærri félögum er oft einfaldara eignarhald og því er styrkur eigenda og vilji til áframhaldandi fjárfestinga mikilvægur. Endurskoðendur eiga að kynna sér afstöðu þeirra og ef nauðsyn þykir geta þeir farið fram á skriflega sönnun þess efnis að vilji sé til áframhaldandi fjárfestinga (ISA 570). Endurskoðendur eiga að kanna hvort stjórnendur hafi einhverja vitneskju um vandamál sem gætu valdið verulegri óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi sem nær lengra fram í tímann en eitt ár. Slík vandamál þurfa að vera all veruleg áður en endurskoðendur taka tillit til þeirra. Það skal þó tekið fram að endurskoðendum ber ekki að afla sér þessara upplýsinga með öðrum hætti en að spyrja stjórnendur (ISA 570). Ef endurskoðendur komast að þeirri niðurstöðu að miklar líkur séu á að veruleg óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi eiga þeir að gera ítarlegri athugun til að staðfesta grun sinn. Slík athugun felur meðal annars í sér að greina og fjalla um

sjóðstreymi, hagnað og aðrar spár við stjórnendur. Endurskoðendur eiga að greina síðasta árshlutareikning félagsins, yfirfara skilmála á skuldabréfum og lánasamningum og kanna hvort einhverjir þeirra séu brostnir. Þeir þurfa að kynna sér fundargerðir er málið varða og athuga hvort þar séu skírskotanir til fjárhagslegra erfiðleika. Þeir eiga að athuga hver staðan er á málaferlum og kvörtunum hjá félaginu og hugsanlegan kostnaði af völdum þeirra. Endurskoðendur þurfa að kanna stöðu á innkomnum pöntunum hjá félaginu og hvort það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum. Þeim er ætlað að reyna að koma auga á atburði sem seinna meir gætu haft áhrif á áframhaldandi rekstrarhæfi hvort heldur þeir ýki eða mildi áhrifin. Þá verður að staðfesta tilvist skilmála og hæfni lánastofnana, kanna og yfirfara skýrslur um breytingu á löggjöf og skoða möguleika á að selja eignir. Endurskoðendur eiga að yfirfara áætlanir stjórnenda um breytingar sem ætlað er að koma rekstrinum í rétt horf (ISA 570).

Þegar hér er komið eiga endurskoðendur að ákveða hvort félagið fái fyrirvaralaus áritun eða hvort óvissa sé það mikil að þeir verði að setja fram ábendingu eða álit með fyrirvara (ISA 570). Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett fram dæmi um aðstæður félags og hvernig orðalagi í áritun sé best háttað. Hafi félag fullnægjandi upplýsingar í ársreikningi en endurskoðendur telja að veruleg óvissa ríki skulu þeir setja fram ábendingu þess efnis, en félagið fær fyrirvaralaus áritun. Álit með fyrirvara væri gefið undir þeim kringumstæðum þar sem óvissunnar er getið í ársreikningnum en hún þykir það veruleg að þörf er fyrir að setja fram álit með fyrirvara. Ef ekki eru settar fram fullnægjandi upplýsingar um óvissu í ársreikningi setja endurskoðendur fram neikvætt álit þar sem áreikningurinn gefur ekki glögga mynd af aðstæðum. Nái endurskoðendur ekki að ljúka endurskoðun vegna skorts á upplýsingum er ársreikningurinn án álits og þeir setja upplýsingar þess efnis í ársreikninginn. Þegar rekstrarhæfi er ekki til staðar vegna ákvörðunar um að hætta starfsemi og ársreikningurinn er gerður á öðrum grundvelli fær hann fyrirvaralaus áritun, en henni gæti þó fylgt ábending vegna þeirrar aðferðar sem notuð er við reikningsskilin. Ef ársreikningurinn er aftur á móti settur fram á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis en endurskoðendur telja að félagið sé ekki rekstrarhæft setja þeir fram neikvætt álit (Félag löggiltra endurskoðenda, 2009).

Við vinnu sína eiga endurskoðendur að vera í samskiptum við stjórnendur og aðra þá sem fara með stjórn í félaginu og taka upp í samskiptum við þá málefni

er varða áframhaldandi rekstrarhæfi. Verði seinkun á samþykki ársreiknings skulu endurskoðendur fara fram á skýringar hvers vegna svo sé. Hafi þeir trú á að seinkunin hafi orðið vegna forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi eiga þeir að kanna það nánar (ISA 570).

Það er ljóst af þessari umfjöllun um endurskoðunarstaðal 570 að starf endurskoðenda er flókið og margir þættir sem þeir þurfa að hafa auga með. Athyglisvert er að skoða sambærilega bandaríska endurskoðunarstaðalinn (SAS 59/AU 341, 1989) og óútgefinn staðal FASB, um stjórnendur og áframhaldandi rekstrarhæfi. Þeir eru samhljóða í upptalningu sinni á því hvaða helstu þætti stjórnendur ættu að skoða til að afla sér upplýsinga um stöðu félagsins með tilliti til áframhaldandi rekstrar. Engar skýringar fylgja með Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem fjalla um áframhaldandi rekstrarhæfi. Úr því mætti bæta og gera skýringar sem væru samhljóma ISA 570. Slíkar skýringar gætu auðveldað stjórnendum og endurskoðendum vinnu sína ásamt því að auka traust lesenda, um að í öllum félögum liggi sömu þættir til grundvallar ákvörðun um áframhaldandi rekstrarhæfi.

### **3.2 Endurskoðun í erfiðu árferði**

*International Auditing and Assurance Standards Board* sendi frá sér upplýsingar í janúar 2009 um endurskoðun og forsenduna um áframhaldandi rekstrarhæfi í núverandi efnahagsástandi (IAASB, 2009). Tilgangurinn var að vekja athygli endurskoðenda á málefninu þar sem efnahagsástandið væri líklegt til að skapa þær aðstæður að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi. Ábendingin telur upp helstu liði í ISA 570 og IAS 1 þar sem fjallað er um málefnið og farið hefur verið yfir í köflunum hér að framan. Jafnframt tekur hún fyrir stöðu félaga sem hafa skilað hagnaði og ekki þurfa að hafa áhyggjur af óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Í breyttu efnahagsástandi er ekkert slíkt tryggt og því gætu þessi félög þurft að sýna fram á að reksturinn sé tryggður. Einnig er bent á að þau félög sem reitt hafa sig á framlengingu yfirdráttarheimilda og fengið undanþágur geti ekki lengur treyst á að slíkt sé í boði. Lánsfjármagn hefur verið af skornum skammti og lánastofnanir stífari á ákvæðum sem sett hafa verið í lánasamninga. Mikilvægt er að taka tillit til breyttra aðstæðna við framtíðarspár og gerð fjárhagsáætlana. Eins og fram kemur í IAS 1 eiga stjórnendur að setja fram skýringar vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi í ársreikning félagsins. Í erfiðu árferði getur verið nauðsynlegt að setja

fram slíka skýringu jafnvel þótt óvissa sé ekki til staðar. Ef slík skýring er sett fram er óþarfi fyrir endurskoðendur að setja fram ábendingu í ársreikninginn þar sem skýringar stjórnenda nægja (IAASB).

### 3.3 Gagnrýni á mat endurskoðenda

*Weiss Rating Inc.* gerðu rannsókn á því árið 2002 í Bandaríkjunum hvernig endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki hafa staðið sig í að vara við ef óvissa er um áframhaldandi rekstrarhæfi félaga. Rannsókninni var skipt í tvo hluta. Í þeim fyrri, sem skoðaður verður hér, var kannað hvernig endurskoðunarfyrirtæki stóðu sig í að vara almenning við bókhaldsskekkjum eða rangfærslum og í þeim seinni er skoðað hvernig félögin stóðu sig í að vara við yfirvofandi gjaldþroti. Tímabilið sem var til rannsóknar var 1. janúar 2001 til 30. júní 2002.

Í fyrri hlutanum voru þrjár rannsóknarspurningar. Sú fyrsta var hvaða endurskoðunarfyrirtæki endurskoðuðu þau félög sem nýlega gerðu sig sek um bókhaldsskekkjur eða rangfærslur? Heildarfjöldi þeirra félaga var 33 og voru þau endurskoðuð af fimm stærstu endurskoðunarfyrirtækjunum í Bandaríkjunum á þeim tíma<sup>1</sup> og einu smærra.

Næsta spurning var í hversu mörgum tilfellum settu endurskoðunarfyrirtækin fyrirvara um óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi og í hversu mörgum tilfellum fengu félögin fyrirvaralaus áritun? Af þessum 33 félögum voru einungis tvö sem fengu áritun með fyrirvara vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi, því voru það 31 félag sem fengu fyrirvaralaus áritun sem gert höfðu sig sek um bókhaldsskekkjur eða rangfærslur.

Þriðja spurningin var hvort það væri samband milli bókhaldsskekkja eða rangfærslna og gjaldþrota? Af þessum 33 félögum sóttu sex um gjaldþrotaskipti eftir að upp komst um bókhaldsskekkjur eða rangfærslur. Af þessum sex félögum voru fimm sem fengið höfðu fyrirvaralaus áritun. Bókhaldsskekkjur eða rangfærslur og gjaldþrot bindast föstum böndum þar sem félög sem gert hafa sig sek um slíkt eru oft líklegri til að missa stuðning og traust, fjárfesta, lánveitendur, viðskiptavinum og birgja. Þá eru þau einnig líklegri til að grípa til ólögmatra athafna til að fela erfiðleika. Félög sem verða gjaldþrota eru oft sek um bókhaldsskekkjur eða rangfærslur sem ekki koma í ljós fyrir en eftir gjaldþrot. Félög sem gert hafa sig

---

<sup>1</sup> Arthur Andersen, Deloitte & Touch, Ernst & Young, KPMG, PricewaterhouseCoopers

sek um bókhaldsskekkjur eða rangfærslur eru líklegri en önnur til að verða gjaldþrota stuttu eftir að slíkt kemst upp (Weiss, 2002). Þessi rannsókn gefur því til kynna að endurskoðendur séu í of fáum tilvikum að setja fyrirvara í ársreikninga vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Gagnrýni um íhaldssemi virðist eiga rétt á sér, en það má þó ekki gleyma því að það er fyrst og fremst á ábyrgð stjórnenda að setja fram óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi.

Það er einnig áhugavert að skoða fjórða skrefið í öðrum hluta rannsóknar Weiss. Þar er fjallað um hvort upplýsingar hafi legið fyrir sem hefðu átt að gefa til kynna að óvissa væri um rekstrarhæfi félags. Tekin voru 45 gjaldþrota fyrirtæki sem fengið höfðu fyrirvaralaus áritun og voru orðin gjaldþrota á innan við einu ári frá útgáfu ársreikningsins. Sjö lykiltölur voru reiknaðar fyrir þessi félög og skoðað hvort félögin uppfylltu skilyrði sem sett voru kringum þessar lykiltölur. Félögin fengu svokölluð gul flögg ef þau uppfylltu ekki skilyrðin. Það kom í ljós að 40 félög fengu tvö flögg eða fleiri, eða um 89 prósent. Þó rannsókn Weiss hafi mikla vankanta (Akers, Maher og Giaomino, 2006) má velta fyrir sér hvort setja megí ákveðnar lykiltölur og skilyrði um niðurstöður þeirra og samanburð milli ára sem undirstöður ákvörðunar um hvort félag sé rekstrarhæft eða ekki.

Staða endurskoðenda er oft erfið þar sem þeir geta aukið erfiðleika félags með því að setja fram fyrirvara vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Ef þeir sleppa því þá fara fjárfestar á mis við mikilvægar upplýsingar um félagið. Aðalatriðið er að fyrirvari vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi er settur fram til að reyna að láta enduruppbyggingu félags hefjast fyrr og forða því þannig frá gjaldþroti (Venuti E. K., 2004). Önnur hugsanleg ástæða þess hve fá félög fá fyrirvara við endurskoðun er ósjálfstæði endurskoðenda. Laun þeirra og endurráðning ræðst af ákvörðun stjórnenda. Ef þeir eru ekki ánægðir með mat endurskoðenda er hætta á að hann verði rekinn og félagið leiti annað í svokallaðri „*opinion shopping*“, þar sem stjórnendur ráða þann endurskoðanda sem setur fram það álit sem er þeim að skapi. Álagið sem endurskoðendur leggja á félag með því að gefa út að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi eykur líkurnar á því að félagið verði gjaldþrota. Þar af leiðandi aukast líkurnar á að endurskoðendur missi starf sitt hjá því félagi (Venuti E.K.).

## 4 Staðan á Íslandi eftir hrunið haustið 2008

Á árinu 2009 fjölgaði gjaldþrotum fyrirtækja á Íslandi um 21 prósent frá því árinu áður (Hagstofa Íslands, 2010). Telja má víst að ástæður þessarar gífurlegu aukningar megi rekja til bankahrunsins haustið 2008. Mörg félög eiga erfitt með að halda áfram rekstri og árið 2008 voru nokkur félög sem fengu ábendingu í ársreikningi um að óvissa væri um áframhaldandi rekstrarhæfi. Til að varpa ljósi á þetta var valið að skoða ársreikninga hjá félögum sem árinu 2008 fengu ábendingu eða fyrirvara í ársreikningi sínum og voru búin að gefa út ársreikning fyrir árið 2009.

Leit á Netinu skilaði þeirri niðurstöðu að tvö félög uppfylltu þessi skilyrði en það voru HS Orka hf. og Nýherji hf. Ástæða þess að leitarskilyrði voru með þessum hætti var til að sjá hvort breytingar í rekstri hefðu skilað tilætluðum árangri eftir að fyrirtækin fengu ábendingu í ársreikningi árið áður um óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Árið 2008 sá sami endurskoðandi um að endurskoða þessi tvö félög, en hér verður ekki tekið til athugunar hvort það hafi á einhvern hátt áhrif á ársreikningana.

### HS Orka hf.

HS Orka hf., áður Hitaveita Suðurnesja hf., er félag sem starfar í framleiðslu á raforku, heitu vatni og jarðsjó, ásamt jarðgufu- og raforkusölu. Félagið hefur verið mikið í fréttum að undanfögnu sökum mikilla breytinga á eignarhaldi þess og efasemda um lögmæti nýrra eigenda. Á árinu 2008 fékk félagið ábendingu frá endurskoðanda í ársreikningi sínum en sú ábending var vegna skilyrða í lánasamningum við lánastofnanir. Félagið uppfyllti ekki tiltekin viðmið sem varðar eiginfjárlutfall og rekstrarhlutföll og því var lánveitendum heimilt að gjaldfella lánin. Ástæður þess að félagið uppfyllti ekki þessar kröfur má rekja til mikillar hækkunar á lánnum eftir gengisfall íslensku krónunnar og skiptingu Hitaveitu Suðurnesja í HS Orku annars vegar og HS Veitur hins vegar. Í ársreikningnum var tekið fram að unnið væri að samningum við lánastofnanir en ef samningar takist ekki og lánin yrðu gjaldfelld væri óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins (HS Orka hf., 2009). Í ársreikningi fyrir árið 2009 kemur fram að á árinu hafi verið unnið að samningi við lánveitendur. Samningar tókust og á grundvelli þeirra er talið

að félagið verði rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð. Endurskoðandi setur engar athugasemdir fram vegna óvissu og fyrirtækið fékk fyrirvaralaus áritun (HS Orka hf., 2010).

### **Nýherji hf.**

Starfsemi Nýherja hf. er tvíþætt. Annars vegar er það móðurfélag félaga sem sjá um sérhæfða ráðgjöf og tækniþjónustu og hins vegar viðskiptaumsjón, innflutningur, sala og markaðssetning fyrir vörur frá þekktum framleiðendum. Á árinu 2008 fékk félagið ábendingu frá endurskoðanda í ársreikningi. Ábendingin var vegna óuppfylltra ákvæða í lánasamningum við lánastofnanir þess efnis að ef eiginfjárhlutfall og rekstrarhagnaðarhlutfall fari niður fyrir ákveðið viðmið hafi lánastofnunin heimild til að gjaldfella lánin. Ástæðan fyrir þessu er rakin til lækkunar íslensku krónunnar á árinu. Ef ekki myndi takast að semja við lánastofnanir og lánin gjaldfelld yrði óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins (Nýherji hf., 2009). Í ársreikningi fyrir árið 2009 fær félagið aftur ábendingu frá endurskoðanda. Annars vegar er samskonar vandamál og árið áður, það er að segja félagið uppfyllir ekki ákvæði lánasamninga og því er lánastofnunum heimilt að gjaldfella lánin, og hins vegar vegna áhrifa efnahagshrunsins á mat eigna til gangvirðis, en raunverulegt gangvirði gæti verið frábrugðið því mati sem kynnt er í ársreikningnum. Stjórnendur hafa unnið að því að endursemda um fjármögnun félagsins en einnig eru uppi áform um að ráðast í hlutafjárútkningu. Með því fjármagni sem fengist við aukningu hlutafjár er ætlunin að lækka vaxtaberandi skuldir, fá lengri lánstíma á þeim skuldum sem eftir standa og að bæta veltufjárhlutfall. Endurskoðandi setur þó ekki fram ábendingu um að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins (Nýherji, 2010).

## 5 Niðurstöður

Hér hefur verið fjallað um helstu atriði sem snúa að áframhaldandi rekstrarhæfi félaga. Mat á því hvort félag hafi burði til áframhaldandi reksturs er gífurlega flókið og því miður eru lög og staðlar sem gilda hér á landi ekki nógu skýr hvað þetta varðar. Upplýsingarnar sem þar koma fram lúta fremur að ramma utan um forsenduna um áframhaldandi rekstrarhæfi frekar en að veita upplýsingar um hvernig mat á slíku fer fram. Við Alþjóðlega reikningsskilastaðla og íslensk lög mætti bæta við útskýringarstaðli líkt og óútgefnum staðli FASB um áframhaldandi rekstrarhæfi. Í þeim staðli er leitast við að útskýra fyrir notandanum hvernig hann geti framkvæmt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi og til hvaða aðgerða á að grípa sé óvissa. Slíkan staðal mætti byggja á þeim upplýsingum sem koma fram í ISA 570 svo staðlarnir væru áþekkir amerísku stöðlunum. Þetta gæti haft í för með sér samleitara mat stjórnenda og endurskoðenda og myndi því auðvelda lesendum að leggja mat á gæði slíkra upplýsinga.

Þeim forsendum sem liggja til grundvallar mati á áframhaldandi rekstrarhæfi er hér skipt í skammtíma- og langtímafyrirvara. Sá hátturinn er hafður á til að varpa ljósi á hversu alvarleg skilaboð fyrirvararnir senda. Skammtímafyrirboðarnir taka flestir til þátta sem snúa að lausafjárskorti félaga en langtímafyrirboðarnir eru víðtækari. Það er mikilvægt að það sé gert ljóst að það er á ábyrgð stjórnenda að framkvæma mat á áframhaldandi rekstrarhæfi og vinna að úrbótum verði úr að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi.

Endurskoðendur bera ríka ábyrgð þegar kemur að mati á áframhaldandi rekstrarhæfi. Þeim er ætlað að efast um staðhæfingar stjórnenda og afla sér upplýsinga sem gætu hrakið mat þeirra á vissu eða óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. ISA 570 setur fram á skýran og greinargóðan hátt til hvers er ætlast af endurskoðendum við vinnu sína á mati um áframhaldandi rekstrarhæfi. Slíkt mat er aldrei auðvelt og leggur staðallinn áherslu á samvinnu endurskoðenda og stjórnenda félags. Ef niðurstaða endurskoðenda er sú að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi verða þeir að setja það fram í ársreikningi. Það fer svo eftir því á hvaða hátt stjórn og stjórnendur hafa fjallað um málefnið í ársreikningnum hvort þeir fái ábendingu eða fyrirvara í ársreikningi sínum. Mat á áframhaldandi rekstrarhæfi verður aldrei flóknara en þegar aðstæður á markaði eru erfiðar líkt og verið hefur



hér á landi eftir hrunið haustið 2008. Greinargerð IAASB frá því í ársbyrjun 2009 er glöggt merki þess að flækjustig við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi eykst til muna þegar árferði er erfitt. Þar er lögð áhersla á að félög sem annars þyrftu ekki að hafa áhyggjur af mati á áframhaldandi rekstrarhæfi þurfi að sanna það líkt og önnur félög að óvissa sé ekki fyrir hendi. Þar kemur einnig fram og er vel þekkt hér á landi að aðgengi að lánsfjármagni hefur verið af skornum skammti og ekki víst að mögulegt sé að framlengja lán né hægt sé að taka ný lán.

Endurskoðendur fara ekki varhluta af gagnrýni þegar kemur að mati þeirra á áframhaldandi rekstrarhæfi félaga. Oftast snýst gagnrýnin um að endurskoðendum takist ekki að vara fjárfesta við ef óvissa ríki um rekstrarhæfi félags. Rannsókn Weiss, sem fjallar um mistök endurskoðenda við að gera viðvart um óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi vegna bókhaldsskekkja eða rangfærslna í ársreikningi, sýnir að í of fáum tilvikum eru endurskoðendur að setja fram fyrirvara eða ábendingu í ársreikning. Það er alveg ljóst að staða endurskoðenda er oft mjög erfið því ef þeir gefa út að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi þá getur það ýtt undir og jafnvel aukið líkurnar á því að félag verði gjaldþrota. Rannsóknir hafa sýnt að afleiðingar gjaldþota eftir að hafa fengið ábendingu eða fyrirvara í ársreikningi eru oft minni en hjá félögum sem hlotið hafa fyrirvaralaus áritun.

Sú gjaldþrotahrina sem orðið hefur hér á landi á síðasta ári bendir til þess að of mörg félög hafi treyst á lánsfjármagn og í stað þess að byggja upp stöðugan rekstur hefur honum verið haldið uppi með lánsfé. Við skoðun á ársreikningum HS Orku hf. og Nýherja hf. kom í ljós að þau áttu bæði erfitt með að standa við skuldbindingar sínar og fá lánasamninga endurnýjaða. Nýherja hf. hafði ekki tekist, ári eftir að hafa fengið ábendingu vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi, að ná samningum við lánardrottna sína og þarf því að fara í róttækari aðgerðir með nýju hlutafjárútbóði. Það má því segja að hrunið haustið 2008 hafi gjörbylt því viðskiptaumhverfi sem íslensk félög höfðu vanist á árunum þar á undan þegar auðvelt aðgengi var að lánsfé og áhyggjur vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi voru nánast engar.

Í upphafi ritgerðarinnar voru settar fram tvær rannsóknarspurningar sem leitast hefur eftir að finna svör við. Sú fyrri var hvaða þýðingu hefur það að gefa út að óvissa ríki um áframhaldandi rekstrarhæfi og hvert verður framhaldið hjá félögum með slíka óvissu? Ef óvissa ríkir um áframhaldandi rekstrarhæfi fer í raun af stað viðbúnaðarkerfi þar sem leitast er við að minnka líkurnar á að allt fari á

versta veg. Stjórnendur verða að endurskipuleggja rekstur og eru slíkar áætlanir okkur Íslendingum vel kunnar. Uppsagnir, sameiningar, frestun á verkefnum, ódýrara rekstrarumhverfi og margt fleira getur falist í þeim aðgerðum sem stjórnendur verða að fara í ef óvissa ríkir um rekstrarhæfi.

Hin rannsóknarspurningin var hvort endurskoðendur taki alltaf tillit til forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi í starfi sínu? Samkvæmt þeim niðurstöðum sem hér er komist að gera þeir það því miður ekki nógu oft, sem hefur orðið til þess að vantrú er á starfi endurskoðenda. Sú spurning vaknar hvort endurskoðendur séu ekki nægjanlega sjálfstæðir í starfi sínu og hvort of mikið traust hafi verið lagt á drengskap þeirra og óhæði.

## 6 Aðferðafræði

Við gagnasöfnun fyrir þessa ritgerð voru kennslubækur í efninu skoðaðar sem og bækur sem fjalla um greiningu ársreikninga. Lög sem gilda um efnið voru sótt á heimasíðu Alþingis og erlendir staðlar voru sóttir á heimasíðu útgefenda þeirra og á heimasíðu Evrópusambandsins.

Við öflun á upplýsingum var leitarvefurinn [www.google.com](http://www.google.com) notaður og meðal leitarorða voru: áframhaldandi rekstrarhæfi, going concern, áritun áframhaldandi rekstrarhæfi, fortlevnadsprincipen. Eftir lestur á áhugaverðum greinum sem fundust með slíkri leit var leitað að frumheimildinni með því að slá nafn hennar inn á leitarvef Google.

Þá voru upplýsingar úr fyrirlestrum áfanga sem höfundur hefur sótt notaðar, má þar nefna Ársreikningagerð A, Ársreikningagerð B, Lögfræði A og Reikningsskil.

## 7 Heimildaskrá

- Akers M.D., Maher M.A. og Giacomino D.E. (2003). Going Concern Opinions: Broadening the Expectations Gap [rafræn útgáfa]. *The CPA Journal*, október 2003. Sótt 19. janúar 2010 af <http://www.nysscpa.org/cpajournal/2003/1003/features/f103803.htm>
- Bjarni Frímánn Karlsson. (e.d). *Reikningshald I - Kennsluglærur til notkunar í Viðskipta- og hagfræðideild HÍ*. (Fjölritað hefti)
- Bodie Z., Kane A. og Marcus A.J. (2005). *Investments*. (6. útgáfa) (bls. 45). New York: The McGraw-Hill Companies Inc.
- Chen K.C.W. og Church B.K. (1996). Going Concern Opinions and the Market's Reactions to Bankruptcy Filings [rafræn útgáfa]. *The Accounting Review*, Vol. 71. No 1, 117-128.
- FASB. (2008). *Proposed Statement of Financial Accounting Standards; Going Concern*. Sótt 24. febrúar 2010 af [http://www.fasb.org/ed\\_going\\_concern.pdf](http://www.fasb.org/ed_going_concern.pdf)
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2009). *Leiðbeinandi áritanir – rekstrarhæfi*. Sótt 6. janúar 2010 af [http://www.fle.is/?ew\\_news\\_onlyarea=&ew\\_news\\_onlyposition=1&cat\\_id=13736&ew\\_1\\_a\\_id=325231](http://www.fle.is/?ew_news_onlyarea=&ew_news_onlyposition=1&cat_id=13736&ew_1_a_id=325231)
- Hagstofa Íslands. (2010). *Gjaldprot fyrirtækja í desember 2009*. Sótt 6. apríl 2010 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=4470>
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.). *Ársreikningur*. Sótt 24. febrúar 2010 af [http://nemar.unak.is/not/t01027/glosur/glosur/rekstrardeild/ars1103/2\\_ARS\\_REIKNINGUR.ppt](http://nemar.unak.is/not/t01027/glosur/glosur/rekstrardeild/ars1103/2_ARS_REIKNINGUR.ppt).

HS Orka. (2009). *Ársreikningur 2008*. Sótt 2. apríl 2010 af  
<http://www.hsorka.is/HSCCompanyInfo/HSCCompanyAnnualStatements.aspx?tabnumber=3&wfn=HSCCompanyAnnualStatements>

HS Orka. (2010). *Ársreikningur 2009*. Sótt 2. apríl 2010 af  
<http://www.hsorka.is/HSCCompanyInfo/HSCCompanyAnnualStatements.aspx?tabnumber=3&wfn=HSCCompanyAnnualStatements>

IAASB. (2009). *Audit Considerations in Respect of Going Concern in the Current Economic Environment*. Sótt 19. janúar af  
<http://web.ifac.org/publications/international-auditing-and-assurance-standards-board>

IAS 1. *International Accounting Standard 1 - Presentation of Financial Statements*. IASB. (2007). Sótt 20. janúar 2010 af  
[http://ec.europa.eu/internal\\_market/accounting/ias/standards\\_en.htm](http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/ias/standards_en.htm)

IAS 10. *International Accounting Standard 10 - Events After the Balance Sheet Date*. IASB.(2008). Sótt 20. janúar 2010 af  
[http://ec.europa.eu/internal\\_market/accounting/ias/standards\\_en.htm](http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/ias/standards_en.htm)

IFAC. (2010). *2010 Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, Other Assurance, and Related Services Pronouncements. Background Information On The International Federation of Accountants*. Sótt 7. apríl 2010 af <http://web.ifac.org/publications/international-auditing-and-assurance-standards-board/handbooks>

IFRS for SMEs. *International Financial Reporting Standard for Small and Medium-sized Entities*. IASB. (2009). Sótt 6. janúar 2010 af  
[http://www.fle.is/faglegt\\_efni/ifrs\\_for\\_smes\\_2009/](http://www.fle.is/faglegt_efni/ifrs_for_smes_2009/)

ISA 570. *2010 Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, Other Assurance, and Related Services Pronouncements. International Standard on Auditing 570; Going Concern*. IFAC. (2010). Sótt 7. apríl 2010 af <http://web.ifac.org/publications/international-auditing-and-assurance-standards-board/handbooks>

Íslandsbanki. (2003). *Hlutabréf og eignastýring, viðauki: kennitölur, formúlur, vaxtatöflur, vísitölur og fleira*. Sótt 10. mars 2010 af <http://www.islandsbanki.is/fjarfestingar/radgjof-og-verdbref/baekur-um-verdbref/hlutabref-og-eignastyring/>

Kieso D.E., Weygandt J.J. og Warfield T.D. (2007). *Intermediate Accounting* (12. útgáfa) (bls. 28). USA: John Wiley & Sons, Inc.

*Lög um ársreikninga nr. 3/2006.*

*Lög um endurskoðendur nr. 79/2008.*

Nýherji. (2009). *Ársreikningur 2008*. Sótt 2. apríl 2010 af <http://www.nyherji.is/um-nyherja/hluthafar//nr/277>

Nýherji. (2010). *Ársreikningur 2009*. Sótt 2. apríl 2010 af <http://www.nyherji.is/um-nyherja/hluthafar//nr/277>

Reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Reikningsskilaráð. (1994 a). *Aðfararorð að reglum Reikningsskilaráðs*. Sótt 13. janúar 2010 af [http://www.fle.is/faglegt\\_efni/reikningsskilarad/reglur\\_reikningsskilarads/?ew\\_news\\_onlyarea=content2&ew\\_news\\_onlyposition=2&cat\\_id=16647&ew\\_2\\_a\\_id=84403](http://www.fle.is/faglegt_efni/reikningsskilarad/reglur_reikningsskilarads/?ew_news_onlyarea=content2&ew_news_onlyposition=2&cat_id=16647&ew_2_a_id=84403)

Reikningsskilaráð. (1994 b). *RR-1 Grundvöllur reikningsskila*. Sótt 13. janúar 2010 Af

[http://fle.is/faglegt\\_efni/reikningsskilarad/reglur\\_reikningsskilarads/?ew\\_news\\_onlyarea=content2&ew\\_news\\_onlyposition=2&cat\\_id=16647&ew\\_2\\_a\\_id=84404](http://fle.is/faglegt_efni/reikningsskilarad/reglur_reikningsskilarads/?ew_news_onlyarea=content2&ew_news_onlyposition=2&cat_id=16647&ew_2_a_id=84404)

Reikningsskilaráð. (1998). *RR-3 Sjóðstreymi*. Sótt 20. mars 2010 af

[http://fle.is/faglegt\\_efni/reikningsskilarad/reglur\\_reikningsskilarads/?ew\\_news\\_onlyarea=content2&ew\\_news\\_onlyposition=2&cat\\_id=16647&ew\\_2\\_a\\_id=84580](http://fle.is/faglegt_efni/reikningsskilarad/reglur_reikningsskilarads/?ew_news_onlyarea=content2&ew_news_onlyposition=2&cat_id=16647&ew_2_a_id=84580)

SAS 59/ AU 341. *The Auditor's Consideration of an Entity's Ability to Continue as a Going Concern*. AICPA. (1989). Sótt 19. janúar af

[http://www.aicpa.org/Professional+Resources/Accounting+and+Auditing/Authoritative+Standards/auditing\\_standards.htm](http://www.aicpa.org/Professional+Resources/Accounting+and+Auditing/Authoritative+Standards/auditing_standards.htm)

Sigríður Logadóttir. (2003). *Lög á bók*. Reykjavík: Mál og menning

Venuti E.K. (2004). The Going-Concern Assumption Revisited: Assessing a Company's Future Viability [rafræn útgáfa]. *The CPA Journal* maí 2004, Vol. LXXIV, No. 5.

Weiss Rating Inc. (2002). *The Worsening Crisis og Confidence On Wall Street - The role of Auditing Firms*. Sótt 17. febrúar af

[www.weissgroup.com/research/pdf/worsening\\_crisis.pdf](http://www.weissgroup.com/research/pdf/worsening_crisis.pdf)

Wild J.J, Subramanyam K.R. og Halsey R.F. (2007). *Financial Statement Analysis* (9. útgáfa) (bls.35, 502-503). Singapore: McGraw-Hill/Irwin.